

VIÐSKIPTASVIÐ

Stefnumótun og framtíðarsýn

svæðisáætlana sveitarfélaga í úrgangsmálum

Er samhengi á milli aðferðafræðinnar og árangurs?

Ritgerð til MS gráðu Nafn nemanda: Bjarni D. Daníelsson

Leiðbeinandi: Jón Snorri Snorrason

(Sumar - 2018)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Útdráttur

Í þessari rannsókn voru tvær svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs á Íslandi skoðaðar. Markmiðið var að athuga hvort að verkefnastjórn þeirra hafi stuðst við viðurkenndar aðferðir við stefnumótun og framtíðarsýn svæðisáætlananna. Þá var einnig skoðað hvort samhengi sé á milli aðferðafræði sem er beitt í stefnumótunarvinnu og árangurs sveitarfélaga við meðhöndlun úrgangs.

Þau lög sem eru í gildi um meðhöndlun úrgangs taka mið af rammatilskipun Evrópuráðs (2008/98/EB). Umhverfis- og auðlindaráðherra gefur út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs. Sú stefna er höfð til hliðsjónar við gerð svæðisáætlana sem sveitarfélög/landshlutar geta sameinast um að gera. Vandamál sem fylgja neysluvenjum mannsins valda umhverfi og lífríki skaða og ef ekkert er að gert getur skaðinn orðið óafturkræfur (EEA, 2018). Í stefnumótunarskýrslu um úrgangsmál sem unnin var fyrir sveitarfélagið Bláskógabyggð kemur fram að almenningur er orðinn mjög meðvitaður um þetta vandamál og er tilbúinn í breytingar (Elísabet Björney Lárusdóttir, 2018). Því er nauðsynlegt að flokkunarmöguleikar séu til staðar á úrgangi, endurnýtingu og endurvinnslu á honum (Umhverfisstofnun, ust.is, 2018).

Niðurstaða rannsóknarinnar leiddi í ljós að ekki var stuðst með meðvituðum hætti við aðferðafræði í stefnumótun og framtíðarsýn svæðisáætlananna. Hins vegar var greinilegt samhengi á milli aðferða við gerð stefnumótunar og árangurs þeirra. Þegar svæðisáætlarnar voru mótaðar var tekið mið af landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og þeim lögum og reglugerðum sem um þær giltu á þeim tíma. Í Landsáætluninni er ekki að finna aðgerðir til innleiðingar og eftirfylgni sem er lykillinn að vel heppnaðri breytingastjórnun.

Lykilorð: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sveitarfélög, almenn stefna um meðhöndlun úrgangs, stefnumótun, breytingastjórnun, framtíðarsýn, aðgerðaráætlun, innleiðing, eftirfylgni, mælanleg markmið.

Af tillitssemi við þá sem tengdust rannsókninni ákvað höfundur að veita ekki opinn aðgang að meistararitgerðinni. Hann veitir þó fúslega nánari upplýsingar um efni hennar og niðurstöður ef óskað er á bjarni@blaskogabyggd.is eða í farsíma 860 4440.